

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1983.

Svavar Gestsson.

Ingolf J. Petersen.

14. janúar 1983

Nr. 28

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Mosfellshrepps.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga sem miðast við tímalaun starfsfólks ásamt launatengdum gjöldum:

	Dagv.	Næturv.	
1. taxti kr.	0,00	0,00	
2. taxti kr.	19,20	32,50	($\frac{1}{3}$ hluti tímalauna auk launat.gj.)
3. taxti kr.	34,50	58,50	($\frac{2}{3}$ hlutar tímalauna auk launat.gj.)
4. taxti kr.	57,50	97,50	(tímalaun auk launat.gj.)

2. gr.

Greiðsluskylda neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans, og er því tillit tekið til þess hvort um er að ræða einstaklinga eða hjón og sambýlisfólk. Greiðsluskylda fer að eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við grunnellilífeyri (g) og tekjutryggingu (t).

Einstaklingar greiði skv.:

1. taxa, séu tekjur hans undir kr. 6 745,00 $(g+t) \times 1.3$.
2. taxa, séu tekjur hans milli kr. 6 745,00 og kr. 10 376,00 $(g+t) \times 1.3$ til $(g+t) \times 2.0$.
3. taxa, séu tekjur hans milli kr. 10 376,00 og kr. 12 970,00 $(g+t) \times 2.0$ til $(g+t) \times 2.5$.
4. taxa, séu tekjur hans yfir kr. 12 970,00 $(g+t) \times 2.5$.

Hjón og sambýlisfólk greiði skv.:

1. taxa, séu tekjur þeirra kr. 10 838,00 og þaðan af lægri $(g+t) \times 1.2$.
2. taxa, séu tekjur þeirra milli kr. 10 838,00 og kr. 14 451,00 $(g+t) \times 1.2$ og $(g+t) \times 1.6$.
3. taxa, séu tekjur þeirra milli kr. 14 451,00 og kr. 18 064,00 $(g+t) \times 1.6$ til $(g+t) \times 2.0$.
4. taxa, séu tekjur þeirra kr. 18 064,00 og þaðan af hærri $(g+t) \times 2.0$.

Trúnaðarmálanefnd er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef um sérstakar ástæður er að ræða.

3. gr.

Verði breytingar á launum starfsfólks eða lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins ber trúnaðarmálanefnd að breyta gjaldstiga þessum til samræmis við þær, en tilkynna slíkt hreppnefnd og félagsmálaráðuneyti.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.